



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Landform ehf
Oddur Hermannsson
Austurvegi 3-5
800 Selfoss

Reykjavík, 19. september 2005

Tilvísun: UST20050700140/sf

Tillaga að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017

Vísað er til erindis Landforms dags. 25. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017.

Umhverfisstofnun vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við aðalskipulagstillöguna.

Náttúruverndarsvæði

Eins og fram kemur í greinargerð er eitt svæði á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsmarka Hveragerðisbæjar. Umhverfisstofnun telur rétt að lýsing á mörkum svæðisins komi fram í greinargerð sbr. eftirfarandi texta í náttúruminjaskrá:

„**Varmá og Ölfusforir**, Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru viðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið visindalegt gildi.“

Í skýringartexta við mynd 4.6 segir m.a.: „*Náttúruverndarsvæði skv. náttúruverndaráætlun.*“ Umhverfisstofnun bendir á að framangreindur skýringartexti er ekki réttur þar sem svæðið er ekki á náttúruverndaráætlun. Svæðið er hins vegar skilgreint sem náttúruverndarsvæði skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd, enda um að ræða svæði sem er á náttúruminjaskrá.

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni segir m.a.:

„*Hluti af landi Hveragerðis fellur undir svæðið Varmá og Ölfusforir, sem er á Náttúruminjaskrá. Svæðið, sem liggur meðfram bökkum Varmár, fellur undir flokkinn aðrar náttúruminjar á Náttúruminjaskrá. Ekki er gert ráð fyrir fleiri náttúruverndarsvæðum á skipulagstímabilinu.*“

Umhverfisstofnun bendir á að Náttúruminjaskrá þar sem fram koma upplýsingar um náttúruminjar, þ.m.t. náttúruverndarsvæði, er gefin út af umhverfisráðherra. Samkvæmt 67. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal umhverfisráðherra gefa út heildstæða náttúruminjaskrá eigi sjaldnar en fimmta hvert ár og birta í Stjórnartíðindum. Birta má

hvenær sem er ákvarðanir um ný svæði sem tekin eru á náttúruminjaskrá. Með hliðsjón af framangreindu er ekki rétt að fullyrða að ekki verði gert ráð fyrir fleiri náttúruverndarsvæðum innan sveitarfélagsins Hveragerðis á skipulagstímabilinu.

Í umfjöllun um náttúruverndarsvæðið segir í greinargerð að svæðið sé að mestu óbyggt en inni í þéttbýli séu þó nokkur hús inni á því. Jafnframt kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að ný byggð risi á svæðinu, nema á þeim svæðum sem þegar eru byggð. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að í aðalskipulaginu verði sett fram stefna varðandi lágmarks fjarlægð nýrra bygginga og annarra mannvirkja frá bökkum Varmár. Stofnunin bendir á að við það er almennt miðað þegar vötn, tjarnir og ár eru sett á náttúruminjaskrá að vernda beri vatnið sjálft, eða farveg þess, ásamt 100 m breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka eða gljúfrabruna. Umhverfisstofnun telur því æskilegt að við skipulagningu nýrrar íbúðabyggðar verði þess gætt að gera ráð fyrir allt að 100 breiðu belti meðfram Varmá þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útivist. Stofnunin bendir á að með því er tryggt aðgengi almennings meðfram svæðinu, auk þess sem ekki er þrengt að því og tryggt að það haldi verndar- og útivistargildi sínu og nýtist til fræðslu. Það væri jafnframt í samræmi við það markmið aðalskipulagstillögunnar að stuðla að verndun helstu náttúrfyrirbæra í sveitarfélaginu en jafnframt gera fólki kleift að njóta þessara verðmæta.

Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir aukinni starfsemi Heilsustofnunar Náttúrulækningafélagsins. Í greinargerð kemur fram að gert sé ráð fyrir að lóð NLFÍ verði stækkuð til suðurs en minnki að sama skapi mót Fagrahvammstúni þannig að opið svæði til sérstakra nota megi stækka. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem afmarkað er sem blönduð byggð vegna starfsemi NLFÍ er í litilli fjarlægð frá Varmá, sem er á náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun telur að afmörkun framangreinds svæðis sem og annarra svæða fyrir byggð, þar sem gert er ráð fyrir nýbyggingum, eigi að miðast við a.m.k. 100 m fjarlægð frá Varmá, sbr. ábendingar hér að framan.

Iðnaðarsvæði

Í kafla 4.7 *Iðnaðarsvæði* í greinargerð segir m.a. í umfjöllun um stefnu og ákvæði fyrir iðnaðarsvæði:

„Að gert verði ráð fyrir aðkomumöguleika að virkjanasvæði á Hengilssvæðinu.”

Umhverfisstofnun bendir á að greinargerðinni kemur hvorki fram til hvaða virkjanasvæðis er vísað né gerð nánari grein fyrir hvað átt er við með aðkomumöguleika að virkjanasvæðinu. Stofnunin telur að fjalla verði um þessi atriði í greinargerð aðalskipulagsins.

Á aðalskipulagsuppdrætti eru afmörkuð iðnaðarsvæði við Varmá sem að hluta til eru innan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá og jafnframt innan skilgreinds hverfisverndarsvæðis. Umhverfisstofnun telur að afmarka eigi iðnaðarsvæðin þannig að þau séu að öllu leyti utan þess svæðis sem er á náttúruminjaskrá, ekki síst í ljósi þess að ekki er gert ráð fyrir uppbyggingu iðnaðarstarfsemi sem ber að staðsetja á iðnaðarsvæðum, sbr. kafla 4.7 í greinargerð.

Hverfisverndarsvæði

Í umfjöllun um hverfisverndarsvæði á bls. 95 í greinargerð kemur m.a. fram að mikilvægt sé að vernda lífríki og sérstöðu Varmár. Hins vegar gerir aðalskipulagstillagan einnig ráð fyrir að stuðlað verði að Varmá sem ákjósanlegri sjóbirtingsá fyrir sportveiði, sbr. kafla 4.13 í greinargerð og í kafla 4.16 kemur m.a. fram að lögð verði áhersla á lífríki Varmár og stuðlað að ræktun hennar sem fiskiár. Umhverfisstofnun telur að í greinargerð ætti að fjalla um

hvernig þau markmið fara saman að stuðla að verndun lífríkis og sérstöðu Varmár og að stuðla að ræktun hennar sem fiskiár.

Opin svæði til sérstakra nota

Í kafla 4.13 í greinargerð *Opin svæði til sérstakra nota* kemur fram að aukin áhersla verði lögð á trjá- og skógrækt í sveitarfélaginu. Suðurhlíðar Hamars eru skilgreindar sem skógræktarsvæði/almennt útivistarsvæði.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að settar verði fram almennar reglur varðandi skógrækt í aðalskipulaginu.

Í greinargerð kemur fram að aðal golfvöllur Hvergerðinga sé í þeim hluta dalsins sem tilheyrir Ölfusi en tvær til þrjár brautir liggi þó innan sveitarfélagamarka Hveragerðis. Spilað sé yfir Varmána til að komast inn á þær. Aðalskipulagstillagan gerir ráð fyrir að hægt verði að stækka völlinn um 2-3 brautir til viðbótar þannig að í allt verði 4-6 brautir á bæjarlandi Hveragerðis.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að tryggt verði aðgengi almennings meðfram Varmá þó golfvöllurinn teygi sig yfir Varmá, eins og fram kemur í greinargerð. Stofnunin bendir á að mikilvægt er að göngustígur liggi alls staðar meðfram ánni og að við skipulag golfvallarins sé þess gætt að brautir séu í nægilegri fjarlægð frá ánni og hindri ekki möguleika til annarrar útivistar en golfðkunar.

Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn og skulu á skipulagsupprætti aðalskipulags koma fram langtímamarkmið. Einnig skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri.

Í greinargerð með aðalskipulagstillögunni kemur fram að í landi Hveragerðis sé Varmá eina vatnssvæðið sem fellur undir ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Jafnframt kemur fram að flokkun hafi ekki farið fram.

Umhverfisstofnun hvetur til þess að sett verði fram *tímasett markmið* varðandi það hvernig ákvæði reglugerðanna verða uppfyllt.

Umhverfisstofnun bendir á að á skipulagsupprætti er ekki sýnt grannsvæði fyrir vatnsbólið Friðarstaðarlindir og vatnsból við Bauluflossflöt, sbr. einnig mynd 4.7 í greinargerð.

Samkvæmt aðalskipulagsupprætti virðist sem gert sé ráð fyrir göngustíg innan brunnsvæðis vatnsbóls við Bauluflossflöt. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 9. gr. reglugerðar um neysluvatn skal brunnsvæði vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar. Nauðsynlegt er að endurskoða aðalskipulagstillöguna með tilliti til þessa.

Fráveita

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar.

Í greinargerð aðalskipulagsins kemur fram að bæjaryfirvöld hafi metið Varmá sem

viðkvæman viðtaka fráveituvatns. Einnig kemur fram að í Staðardagskrá 21 séu sett fram nákvæm markmið um hreinsun Varmár, sem og vöktun hennar og að Háskólasetrið í Hveragerði sjái um vöktun árinna. Umhverfisstofnun telur æskilegt að í greinargerð aðalskipulagsins verði gerð grein fyrir framangreindum markmiðum og vöktun árinna.


Sorpförgunarsvæði


Í greinargerð kemur fram að engin sorpförgunarsvæði sé að finna í Hveragerði og að ekki séu uppi áform um slík svæði.

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem á að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð hvernig þeirri vinnu fram vindur hjá sveitarfélaginu.

Virðingarfyllst,


Sigurrós Friðriksdóttir
fagsviðsstjóri


Helgi Jónsson
forstöðumaður framkvæmda-
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.